# 31. háskólaþing Háskóla Íslands

# haldið 26. apríl 2023

## Dagskrá

| | |
|---|---|
| Kl. 13.00-13.05 | Rektor setur háskólaþing og fer yfir dagskrá og tímaáætlun og gerir grein fyrir fundargögnum (5 mín.). |
| Kl. 13.05-13.25 | Dagskrárliður 1. Rektor reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands (20 mín.). |
| Kl. 13.25-13.50 | Dagskrárliður 2. Sjálfbærniáherslur stefnu Háskóla Íslands 2021-2026, HÍ26. Framhald frá síðasta háskólaþingi (25 mín.).<br>Málsmeðferð:<br>a) Sjálfbærnistofn HÍ26. Ólafur Ögmundarson, formaður sjálfbærninefndar og formaður stýrihóps verkefnastofnsins (5 mín.).<br>b) Kolefnisfótspor Háskóla Íslands. Sólrún Sigurðardóttir, verkefnisstjóri hjá framkvæmda- og tæknisviði (5 mín.).<br>c) Innleiðing sjálfbærnimála Háskóla Íslands og sýn til framtíðar. Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Sjálfbærnistofnunar Háskóla Íslands (5 mín.).<br>d) Umræður (10 mín.). |
| Kl. 13.50-14.45 | Dagskrárliður 3. Alþjóðleg staða Háskóla Íslands (55 mín.).<br>Málsmeðferð:<br>a) Staða Háskóla Íslands í alþjóðlegu fræðasamfélagi. Styrkleikar, veikleikar og tækifæri. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda, og Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs (20 mín.).<br>b) Umræður (35 mín.) |
| Kl. 14.45-15.00 | Kaffihlé (15 mín.) |
| Kl. 15.00-15.40 | Dagskrárliður 4. Endurskoðun málstefnu Háskóla Íslands (40 mín.)<br>Málsmeðferð:<br>a) Drög að endurskoðaðri málstefnu Háskóla Íslands. Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor við Íslensku- og menningardeild og formaður málnefndar Háskóla Íslands (10 mín.).<br>b) Áskoranir fyrir íslenskt málsamfélag: Gervigreind og máltækni. Hafsteinn Einarsson, lektor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunafræðideild og fulltrúi í málnefnd Háskóla Íslands (10 mín.).<br>c) Umræða og afgreiðsla (20 mín.). |
| Kl. 15.40-16.00 | Önnur mál: Tillaga til ályktunar um fyrirkomulag vinnurýma við Háskóla Íslands (20 mín.).<br>Málsmeðferð:<br>a) Björn Þorsteinsson, prófessor við Heimspeki-, sagnfræði- og fornleifafræðideild, mælir fyrir tillögunni (5 mín.).<br>b) Umræða og afgreiðsla (15 mín.). |
| Kl. 16.00 | Rektor slítur háskólaþingi |

**Kl. 13.00-13.05**
**Setning háskólaþings**

Rektor setti háskólaþing og bauð þingfulltrúa velkomna. Greindi hann frá því að þetta væri 31. háskólaþing Háskóla Íslands, en fyrsta háskólaþing, sem þá hét háskólafundur, var haldið 4.-5. nóvember 1999 og var viðfangsefni þess að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu fyrir Háskóla Íslands. Haldnir voru 25 háskólafundir, en árið 2008 var nafninu breytt í „háskólaþing" og er þetta, eins og áður sagði, 31. þingið, eða ef allt er talið hið 56.

Háskólaþing er haldið í samræmi við lög um opinbera háskóla nr. 85/2008 og reglur um skipan og fundarsköp háskólaþings nr. 984/2008 með síðari breytingum. Háskólaþing er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu Háskóla Íslands. Þingið fjallar um og tekur þátt í að móta sameiginlega stefnu Háskóla Íslands að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólaþings um hvaðeina sem varðar starfsemi Háskóla Íslands og ráðið getur einnig falið þinginu umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun. Háskólaþing er ályktunarbært um þau málefni sem það telur að varði hag háskólasamfélagsins.

Á háskólaþingi eiga fast sæti rektor, forsetar fræðasviða, deildarforsetar og kjörnir fulltrúar fræðasviða, fulltrúar helstu stofnana Háskóla Íslands og samstarfsstofnana hans, kennarafélaga og stúdenta auk fulltrúa starfsmanna stjórnsýslu og fulltrúa úr háskólaráði. Ríflega 100 manns sitja háskólaþing að þessu sinni.

Fundargerð síðasta háskólaþings, sem haldið var 18. nóvember sl., var send fulltrúum á háskólaþingi. Engar athugasemdir bárust við fundargerðina og skoðast hún því samþykkt.

Loks fól rektor Halldóri Jónssyni, sviðsstjóra vísinda- og nýsköpunarsviðs, að vera fundarritari.

**Kl. 13.05-13.25**
**Dagskrárliður 1**
**Rektor reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands.**









## Dagskrá (frh.)

**Dagskrárliður 3**

Kl. 13.50-14.45 — Alþjóðleg staða Háskóla Íslands (55 mín.).

Málsmeðferð:

a) Staða Háskóla Íslands í alþjóðlegu fræðasamfélagi. Styrkleikar, veikleikar og tækifæri. Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda, og Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs (20 mín.).

b) Umræður (35 mín.)

Kl. 14.45-15.00 — Kaffihlé (15 mín.).

**Dagskrárliður 4**

Kl. 15.00-15.40 — Endurskoðun málstefnu Háskóla Íslands (40 mín.).

Málsmeðferð:

a) Drög að endurskoðaðri málstefnu HÍ. Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor við Íslensku- og menningardeild og formaður málnefndar HÍ (10 mín.).

b) Áskoranir fyrir íslenskt málsamfélag: Gervigreind og máltækni. Hafsteinn Einarsson, lektor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild og fulltrúi í málnefnd HÍ (10 mín.).

c) Umræða og afgreiðsla (20 mín.).




## Dagskrá (frh.)

**Dagskrárliður 5**

Kl. 15.40-16.00 — Önnur mál: Tillaga til ályktunar um fyrirkomulag vinnurýma við Háskóla Íslands (20 mín.).

Málsmeðferð:

a) Björn Þorsteinsson, prófessor við Heimspeki-, sagnfræði- og fornleifafræðideild, mælir fyrir tillögunni (5 mín.).

b) Umræða og afgreiðsla (15 mín.).

Kl. 16.00 — Rektor slítur háskólaþingi.

Að formlegri dagskrá lokinni verður boðið upp á léttar veitingar í anddyri Aðalbyggingar.

























## Umsóknir um meistaranám 2023-2024

**Lokafjöldi umsókna um meistaranám eftir fræðasviðum (15. apríl)**

| | 2023 | 2022 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Félagsvísindasvið | 793 | 667 | 18,9% |
| Heilbrigðisvísindasvið | 392 | 409 | -4,2% |
| Hugvísindasvið | 278 | 264 | 5,3% |
| Menntavísindasvið | 211 | 207 | 1,9% |
| Verkfræði- og náttúruvísindasvið | 325 | 250 | 30,0% |
| Þverfræðilegt framhaldsnám | 236 | 252 | -6,3% |
| **Heild** | **2.235** | **2.049** | **9,1%** |













| Fjármálaáætlun 2024-2028 | 2023 | 2024 | 2025 | 2026 | 2027 | 2028 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 07 Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar | 34.892 | 31.474 | 32.752 | 29.481 | 31.360 | 33.461 |
| 21 Háskólastig | 60.196 | 62.313 | 63.942 | 65.666 | 66.508 | 66.115 |
| -breyting milli ára | | *3,5%* | *2,6%* | *2,7%* | *1,3%* | *-0,6%* |




































| Current pillar name | Proposed pillar name | Metric code | Propsed metric name | Subject weighted | Scoring algorithm | WUR 2.1 metric weight | WUR 2.1 pillar weight | WUR 3.0 metric weight | WUR 3.0 pillar weight |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Teaching | Teaching | t1 | Teaching reputation | FALSE | exponential_65 | 15.00% | 30.00% | 15.00% | 29.50% |
| | | t2 | Student staff ratio | FALSE | normal_cdf | 4.50% | | 4.50% | |
| | | t3 | Doctorate bachelor ratio | FALSE | normal_cdf | 2.25% | | 2.00% | |
| | | t4 | Doctorate staff ratio | TRUE | normal_cdf | 6.00% | | 5.50% | |
| | | t5 | Institutional income | FALSE | normal_cdf | 2.25% | | 2.50% | |
| Research | Research Environment | r1 | Research reputation | FALSE | exponential_65 | 18.00% | 30.00% | 18.00% | 29.00% |
| | | r2 | Research income | TRUE | normal_cdf | 6.00% | | 5.50% | |
| | | r3 | Research productivity | TRUE | normal_cdf | 6.00% | | 5.50% | |
| Citations | Research Quality | c1 | Citation impact | FALSE | normal_cdf | 30.00% | 30.00% | 0.00% | 30.00% |
| | | c2 | Research strength | FALSE | normal_cdf | | | 10.00% | |
| | | c3 | Research excellence | TRUE | exponential_cdf | | | 10.00% | |
| | | c4 | Research influence | TRUE | exponential_cdf | | | 10.00% | |
| Industry | Industry | e1 | Industry income | FALSE | normal_cdf | 2.50% | 2.50% | 2.00% | 4.00% |
| | | e2 | Patents | TRUE | exponential_cdf | | | 2.00% | |
| International Outlook | International Outlook | i1 | International students | FALSE | normal_cdf | 2.50% | 7.50% | 2.50% | 7.50% |
| | | i2 | International staff | FALSE | normal_cdf | 2.50% | | 2.50% | |
| | | i3 | International co-authorship | TRUE | normal_cdf | 2.50% | | 2.50% | |
| | | i4 | Studying abroad | FALSE | normal_cdf | | | 0.00% | |
| TOTAL | | | | | | 100.00% | 100.00% | 100.00% | 100.00% |







| | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 |
|---|---|---|---|---|---|
| Scholarly output | 1123 | 1185 | 1253 | 1229 | 1349 |
| International collaboration | 841 | 877 | 960 | 916 | 1006 |
| % international collaboration | 74,9% | 74,0% | 76,6% | 74,5% | 74,6% |
| FWCI | 2,29 | 1,64 | 1,77 | 1,54 | 1,67 |
| | | | | | |
| Outputs in Top 1% Citation Percentiles | 2,80% | 2,70% | 2,90% | 1,90% | 1,90% |
| Outputs in Top 10% Citation Percentiles | 21% | 17% | 16,90% | 15,90% | 15,80% |
| | | | | | |
| | | | | | |
| Publications in Top 1% Journal Percentiles | 7,10% | 5,60% | 4,40% | 4,40% | 5,10% |
| Publications in Top 10% Journal Percentiles | 46,10% | 39,20% | 37,10% | 38,60% | 38,70% |














**Kl. 13.25-13.50**
**Dagskrárliður 2**
**Sjálfbærniáherslur stefnu Háskóla Íslands 2021-2026, HÍ26.**
**Framhald frá síðasta háskólaþingi**

Fyrstur tók til máls Ólafur Ögmundarson, formaður sjálfbærninefndar og formaður stýrihóps verkefnastofns HÍ26 um sjálfbærni.












## Matarspor

- Samstarfsverkefni milli Félagsstofnunar stúdenta og Háskóla Íslands
- Verkefnið er unnið að frumkvæði stúdenta HÍ
- Kolefnisfótspor máltíða verður birt við Hámu Háskólatorgi fyrir heita rétti dagsins. Kolefnisfótsporið mun einnig birtast við matseðill vikunnar á Uglunni
- Matarspor er verkfæri sem birtir kolefnisspor máltíða með myndrænum hætti og auðveldar þannig notendum að taka upplýsta ákvörðun um eigin neyslu
- Matarspor er því vel til þess fallið að auka umhverfisvitund notenda og einnig til að þróa loftslagsvænni máltíðir

5

## Sjálfbærniskýrsla HÍ 2022

- Hafdís Hanna mun lýsa stöðu þess verkefnis hér á eftir
- Ef við ætlum að standa okkur á sviði sjálfbærni, og vera leiðandi í þróun slíkra mála hérlendis, þá er þörf fyrir að við tökum á okkur rögg og sýnum ennþá skýrari forystu um sjálfbærnimál innan háskólans í kennslu, rannsóknum og rekstri
- Því hvet ég alla sem til verður leitað í tengslum við vinnu við Sjálfbærniskýrsluna og innleiðingu sjálfbærnimála að taka vel í það og leggja ykkar að mörkum til að lyfta nauðsynlegu grettistaki í sjálfbærnimálum HÍ
- Við getum það ekki nema við leggjumst öll á árarnar!

6

Næsta innlegg flutti Sólrún Sigurðardóttir, verkefnisstjóri hjá framkvæmda- og tæknisviði, og beindi hún sjónum að kolefnisfótspori Háskóla Íslands.




## Forsendur

- Umhverfisstofnun heldur utan um verkefnið Grænt bókhald
  - Háskóli Íslands þátttakandi síðan 2012
- Losunarstuðlar Umhverfisstofnunar innbyggðir í Græna bókhaldinu
  - Kolefnisfótspor gefið upp sem $CO_2$ ígildi (í tonnum)
- Lög um loftslagsmál (70/ 2012, 5. gr. c)
  - Umhverfisstefna í rekstri fyrir Háskóla Íslands samþykkt af Háskólaráði, desember 2022
- Kolefnisfótspor HÍ reiknað út frá:
  - Rafmagnsnotkun
  - Úrgangi
  - Akstri
  - Flugi

GRÆNT BÓKHALD

8




9




10




11




12




13

## Næstu skref

1. Samgöngumáti starfsfólks og nemenda
   - Samgöngur að öllum líkindum >90% af heildarkolefnisfótspori HÍ
2. Matarspor
   - Kolefnisfótspor af seldum heitum réttum í Hámu
3. Innkaup
   - Pappírsinnkaup
   - Timian innkaupakerfið
4. Sjálfbærniskýrsla HÍ

14

Þriðja og síðasta inngangserindið flutti Hafdís Hanna Ægisdóttir, forstöðumaður Sjálfbærnistofnunar Háskóla Íslands.

























Að kynningum loknum gaf rektor orðið laust.

Almennt voru þeir sem til máls tóku ánægðir með kynningarnar og þann kraft sem er í sjálfbærnimálum í Háskóla Íslands, sem endurspeglist í vandaðri sjálfbærniskýrslu. Spurt var hvenær reikna megi með að boðuð reiðhjólaskýli líti dagsins ljós. Því var til svarað að þau væru innan seilingar, jafnvel í sumar.

Þá var vakin sérstök athygli á því hversu vel þessi áhugaverða vinna með heimsmarkmiðin, kolefnisfótsporið og sjálfbærniskýrsluna fellur að HÍ26 og þeim sjálfbærniáherslum sem þar er að finna. Fram kom í máli fulltrúa stúdenta að þeir væru afar ánægðir með skýrsluna og buðu þeir fram aðstoð sína við framhaldið, þ.e. næstu skýrslur.

Spurt var hvenær megi vænta þess að námskeið í Uglu og Kennsluskrá verði með kerfisbundnum hætti auðkennd viðeigandi heimsmarkmiði. Bent var á að það muni að öllum líkindum vera klárt fyrir háskólaárið 2024 til 2025.

Þá var spurt hvenær megi vænta e.k. kerfis sem beinlínis stefni að því að draga úr flugferðum starfsmanna, en eins og bent var í kynningum fela þær í sér langstærstan hluta kolefnisspors Háskóla Íslands. Um þetta málefni sköpuðust nokkrar umræður og í lokin kom fram að ekki væri neitt slíkt kerfi í undirbúningi, en unnið verður áfram að því að hvetja fólk með markvissum hætti til að fækka flugferðum eins og kostur er.

Þá var bent á að áhugavert væri að sjá hvernig sjálfbærniáherslur eins og þær komu fram í kynningunum eru tengdar við Aurora samstarfið. Spurt var um hvort frekari áform væru um slík tengsl. Tengsl Aurora, sjálfbærni og heimsmarkmiða voru talsvert rædd í framhaldinu og það upplýst að samtal er nú í gangi um enn freka samstarf við starfsfólk Aurora í háskólunum.

Bent var á að samgöngur eru, eins og fram hefur komið, sá þáttur sem veldur stærstum hluta kolefnisspors Háskóla Íslands og spurt hvaða aðrir þættir komi þar á eftir. Talið barst að húsnæðismálum, einkum nýbyggingum og viðhaldi. Á þeim vígstöðvum er margt í gangi til að minnka kolefnisspor skólans.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors, Hafdísar Hönnu Ægisdóttur, Ólafs Ögmundarsonar og Sólrúnar Sigurðardóttur, þau Andri Már Tómasson, Friðrika Harðardóttir, Gauti Kristmannsson, Geir Sigurðsson, Kristinn Jóhannesson, Magnús Þór Torfason, Rebekka Karlsdóttir og Steinunn Gestsdóttir.

## Kl. 13.50-14.45
## Dagskrárliður 3
## Alþjóðleg staða Háskóla Íslands

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda, og Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs, fluttu framsögu um stöðu Háskóla Íslands í alþjóðlegu vísindasamfélagi, styrkleika, veikleika og tækifæri.






## Normalized citation impact, field weighted



## International co-authored papers (Clarivate Global Institutional Profiles Report)



## Hlutfallsleg fjölgun greina í Scopus (2014=100)



## Um birtingar HÍ 2014 til 2022

| HÍ | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Scholarly output | 943 | 997 | 1111 | 1123 | 1185 | 1253 | 1229 | 1349 | 1435 |
| International collaboration | 661 | 700 | 805 | 841 | 877 | 960 | 916 | 1006 | 1078 |
| % international collaboration | 70,1% | 70,2% | 72,5% | 74,9% | 74,0% | 76,6% | 74,5% | 74,6% | 75,1% |
| FWCI | 2,07 | 2,09 | 1,87 | 2,29 | 1,64 | 1,77 | 1,54 | 1,67 | 1,6 |
| | | | | | | | | | |
| Outputs in Top 1% Citation Percentiles | 3,3% | 3,7% | 2,7% | 2,8% | 2,7% | 2,9% | 1,9% | 1,9% | 1,7% |
| Outputs in Top 10% Citation Percentiles | 21,6% | 20,0% | 19,9% | 21,0% | 17,0% | 16,9% | 15,9% | 15,8% | 15,2% |
| | | | | | | | | | |
| Publications in Top 1% Journal Percentiles | 6,5% | 5,8% | 6,1% | 7,1% | 5,6% | 4,4% | 4,4% | 5,1% | 4,8% |
| Publications in Top 10% Journal Percentiles | 39,0% | 40,0% | 43,3% | 46,1% | 39,2% | 37,1% | 38,6% | 38,7% | 36,5% |

## Highly cited greinar í Web of Science, Háskóli Íslands (1%)



## Styrkir frá Evrópu H2020, 2014 til 2020




## Styrkir frá Evrópu (HE), 2021 til …




## Styrkir til Háskóla Íslands úr samkeppnissjóðum 2014 til 2022



## Styrkir, innlendir og erlendir



## Doktorsritgerðir 2018 til 2023

| | Fjöldi ritgerða alls | Ekki í Opnum vísindum | Læst í Opnum vísindum | Monograph | Greinaritgerð |
|---|---|---|---|---|---|
| Félagsvísindasvið | 46 | 33 | 3 | 3 | 7 |
| Hugvísindasvið | 59 | 6 | 13 | 34 | 6 |
| Heilbrigðisvísindasvið | 126 | 36 | 15 | 0 | 75 |
| Menntavísindasvið | 30 | 6 | 4 | 6 | 14 |
| Verkfræði- og náttúruvísindasvið | 141 | 9 | 18 | 3 | 111 |
| Alls | 402 | 90 | 53 | 46 | 213 |

Greinar/ birtingar í doktorsritgerðum 2018 til 2023

| | Fjöldi greina alls | Tímaritsgreinar ekki indexað í Scopus | Manuscript/Submitted | Bókarkaflar | Ráðstefnugreinar | Tímaritsgreinar í indexuðu Scopustímariti |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Félagsvísindasvið | 25 | 2 | 5 | 0 | 0 | 18 |
| Hugvísindasvið | 20 | 3 | 0 | 2 | 1 | 14 |
| Heilbrigðisvísindasvið | 218 | 7 | 33 | 1 | 0 | 177 |
| Menntavísindasvið | 46 | 6 | 3 | 3 | 2 | 32 |
| Verkfræði- og náttúruvísindasvið | 374 | 10 | 58 | 5 | 18 | 283 |
| Alls | 683 | 28 | 99 | 11 | 21 | 524 |




Helstu niðurstöður og vangaveltur

- Almennt er staða Háskóla Íslands sterk
  - Góður árangur í samkeppnissjóðum
- THE einkunn HVS fyrir áhrifastuðulinn lækkar jafnt og þétt allt frá þriggja ára meðaltalinu 2007 til 2010 til ársins 2023
  - Fjármögnunarvandi, breyttar áherslu í kjölfarið?
- Allt frá síðustu aldamótun hefur vísindagreinum á hinn bóginn fjölgað vel umfram heimsmeðaltal í HÍ
- Greinum hefur einnig fjölgað á HSV og LSH, en hægar
- Svokölluðum „highly cited“ greinum fækkar
- Thesan um hlutfallslega fjölgun birtinga í tímaritum með lægri áhrifastuðul virðist ekki rétt – þarf þó að greina betur
- Mikil tækifæri í sókn í evrópska sjóði
  - Fjármögnun, en ekki síður; öflug netverk og fleiri tilvitnanir

Takk fyrir!



Að kynningu lokinni gaf rektor orðið laust.

Fram kom það sjónarmið að niðursveiflan í tengslum við fjölda tilvitnana í heilbrigðisvísindum hafi byrjað um 2004, ekki á árunum 2007 til 2010, eins og kom fram í innleggi Halldórs. Um það leyti byrjaði niðurskurður fjárveitinga til Landsspítalans og náði hámarki í kjölfar efnahagshrunsins. Bent var á að það þurfi einfaldlega meira eyrnamerkt fé til rannsókna innan spítalans til að snúa þessari þróun við. Jafnframt þarf fleira til en fjármagn, en aðalatriðið er að Háskóli Íslands og Landspítalinn marki skýra stefnu og aðgerðaáætlun til að snúa þessu við til lengri tíma.

Fulltrúi stúdenta sagði að hann hafi heyrt að annar opinber háskóli vilji ekki taka þátt í matslistum og kæri sig þannig ekki um að vera borin saman við hvaða háskóla sem er. Spurt var hver afstaða Háskóla Íslands væri til þessa. Því var til svarað að það væri í sumum tilvikum ekki ákvörðum viðkomandi háskóla hvort þeir eru með eða ekki. Einnig kom frama að Háskóli Íslands sendir ekki gögn til allra þeirra röðunarfyrirtækja sem eftir því sækjast. Jafnframt var bent á að margir þessara lista væru beinlínis villandi fyrir þá nemendur sem hyggjast nota þá til að velja á milli háskóla, þar sem mat á gæðum náms og kennslu væri gjarnan ófullkomið.

Spurt var hvort betra væri fyrir Háskóla Íslands að birta niðurstöður rannsókna frekar í opnum aðgangi en lokuðum áskriftartímaritum í því skyni að auka tilvitnanatíðni og þar með vísindaleg áhrif skólans. Bent var á að báðar birtingarleiðir væru mikilvægar, en vissulega eru greinar í opnum aðgangi aðgengilegri og því líklegri til að fá fleiri tilvitnanir. Á hinn bóginn eru mörg áskriftartímaritanna með mjög háan áhrifastuðul og þau því vænlegur kostur fyrir vísindafólk. Þá var rætt um kostnað við birtingar í opnum aðgangi og að hann gæti stundum verið óyfirstíganlegur þröskuldur. Einnig var rætt um hvort unnt væri að bæta aðgang vísindafólks að tímaritum í gegnum landsaðgang.

Loks var talinu vikið að sókn í erlenda samkeppnissjóði. Fram kom að mikilvægt væri að blása til enn frekari sóknar og nýta sem best þau tækifæri sem í boði eru.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors, Guðbjargar Lindu Rafnsdóttur og Halldórs Jónssonar, þau Engilbert Sigurðsson, Maggi Snorrason, Stefán Hrafn Jónsson, Sigurður Magnús Garðarsson, Unnur Þorsteinsdóttir, Þorgerður Einarsdóttir, Lárus S. Guðmundsson, Lára Jóhannsdóttir og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir

**Kl. 14.45-15.00**
**Kaffihlé**

**Kl. 15.00-15.40**
**Dagskrárliður 4**
**Endurskoðun málstefnu Háskóla Íslands**

Fyrst tók til máls Sigríður Sigurjónsdóttir, prófessor við Íslensku- og menningardeild og formaður málnefndar Háskóla Íslands.






























Að kynningu Sigríðar lokinni ræddi Hafsteinn Einarsson, lektor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild og fulltrúi í málnefnd Háskóla Íslands, áskoranir fyrir íslenskt málsamfélag: Gervigreind og máltækni.















Að framsögum loknum gaf rektor orðið laust.

Vakin var athygli á því að í málstefnunni væru ekki notuð með hefðbundnum hætti orðin stúdent, brautskráning og misseri eins og tíðkast innan Háskóla Íslands, heldur væru brúkuð orðin nemandi, útskrift og önn. Þá var bent á að framsetningarmáti stefnunnar væri í of ríkum mæli í takt við fyrirskipandi reglugerð fremur en almenna leiðbeinandi stefnu. Nokkur dæmi um slíkt voru rakin. Var málnefndin hvött til að breyta þessu.

Þá var bent á að samkvæmt stefnunni væri gert ráð fyrir því að til hennar skuli vísað í auglýsingum um laus störf. Þótti sumum það helst til of langt gengið. Um þetta mál urðu nokkrar umræður. Í þessu samhengi kom fram sú skoðun að íslenskan ætti í vök að verjast gagnvart ensku og að mikilvægt væri að minna á það hlutverk skólans að vernda þjóðtunguna, m.a. í auglýsingum um laus störf. Þetta er mikilvægt ekki síst í ljósi þess að enskan verður ávallt fyrirferðarmikil í starfi Háskóla Íslands enda er hann stofnun sem starfar í alþjóðlegu umhverfi.

Þá barst talið að gervigreind og þeim ógnunum og tækifærum sem hún felur í sér. Rakin voru nokkur dæmi um það hve ófullkomin þau tól sem nú eru mest notuð eru í raun og veru. Þá var bent á að innan skamms munum við sjá mun fullkomnari gerðir að þessum tólum. Aðalatriðið nú er að kenna stúdentum gangrýna hugsun og að umgangast gervigreind á ábyrgan hátt. Þá kom fram að Háskóli Íslands þurfi að bregðast hratt við, t.d. með því að setja upp námskeið fyrir nemendur strax næst haust um þær áskoranir sem þessi þróun felur í sér.

Minnt var á fyrirhugaða ráðstefnu í Háskóla Íslands í haust um notkun gervigreindar í kennslu og námi.

Rektor þakkaði frummælendum fyrir þeirra innlegg og svör við spurningum. Hann bar upp þá tillögu að málnefnd Háskóla Íslands verði falið að fara yfir ábendingarnar sem fram komu í umræðunum og ljúka við endurskoðun málstefnunnar á þeim nótum.

– Samþykkt einróma.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors, Sigríðar Sigurjónsdóttur og Hafsteins Einarssonar, þau Engilbert Sigurðsson, Gauti Kristmannsson, Guðmundur Freyr Úlfarsson, Hulda Þórisdóttir, Ólöf Garðarsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Trausti Fannar Valsson.

**Kl. 15.40-16.00**
**Önnur mál: Tillaga til ályktunar um fyrirkomulag vinnurýma við Háskóla Íslands**

Fyrir þinginu lá svohljóðandi tillaga til ályktunar

„Háskólaþing ályktar að öllum akademískum starfsmönnum skulu standa til boða einkaskrifstofur sem tryggja gott næði fyrir ritstörf, kennslu og meðferð viðkvæmra upplýsinga. Með einkaskrifstofum er hér átt við einkarými, að lágmarki 7 fm, með ógagnsæjum veggjum og glugga sem starfsmaður hefur aðgang að staðaldri. Háskólaráð eða rektor Háskóla Íslands skulu ekki gera samninga við íslenska ríkið eða aðra sem ganga gegn þessari grundvallarreglu. Háskóli Íslands skal taka til fullra varna gegn stjórnvöldum fari þau fram á að vinnuaðstaða starfsfólks sé skert, enda gangi stofnunin út frá því að hún sé sjálfráða um tilhögun húsnæðis síns. Flutningsmenn: Amalía Björnsdóttir, Ásta Jóhannsdóttir, Berglind Rós Magnúsdóttir, Björn Þorsteinsson, Elsa Eiríksdóttir, Gauti Kristmannsson, Geir Sigurðsson, Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, Helga Ögmundardóttir, Íris Ellenberger, Kristín Briem, Pétur Henry Petersen, Sigríður Rut Franzdóttir, Snæbjörn Pálsson og Steinunn Hrafnsdóttir.“

Björn Þorsteinsson, prófessor við Heimspeki-, sagnfræði- og fornleifafræðideild, mælti fyrir tillögunni og að því búnu gaf rektor orðið laust.

Fram kom tillaga um að hafa atkvæðagreiðsluna, þegar til hennar kemur, leynilega. Jón Atli sagði að um það verði greidd atkvæði sérstaklega að umræðunni lokinni.

Kolbrún Pálsdóttir Forseti Menntavísindasviðs las upp svohljóðandi innlegg: „Um þessar mundir er unnið að hönnun og skipulagi vinnurýma, meðal annars fyrir starfsfólk Menntavísindasviðs, í Sögu þar sem fastráðið starfsfólk mun hafa aðgang að föstum vinnuborðum, næðisrýmum, fundarýmum og hafa aðstöðu fyrir bækur og rannsóknargögn. Því tel ég ályktun þá sem lögð hefur verið fyrir Háskólaþing bæði ótímabæra og ógagnlega. Íslensk stjórnvöld hafa sett fram og innleitt stefnu um verkefnamiðuð vinnurými sem munu draga úr þörf fyrir nýbyggingar, stuðla að hagkvæmari nýtingu bygginga, minnka kolefnisfótspor opinberrar starfsemi og draga úr kostnaði. Líkt og aðrar opinberar stofnanir þarf háskólastigið að taka mið af þessari stefnu og innleiða hana með hliðsjón af eðli starfseminnar. Sú vinna er yfirstandandi. Það er og hefur ávallt verið stefna mín og annarra stjórnenda á Menntavísindasviði að tryggja akademísku starfsfólki gott og árangursríkt starfsumhverfi. Að gefnu tilefni er rétt að taka fram að fyrir tæpu ári, á sviðsþingi Menntavísindasviðs í Grósku vorið 2022, var því lýst yfir af minni hálfu að starfsfólki sviðsins myndi standa til boða föst vinnuaðstaða í nýju húsnæði sviðsins í Sögu. Þá hefur ávallt verið lagt upp með að vinnuaðstaða fræðafólks búi yfir rými fyrir bækur og rannsóknargögn. Undanfarið ár hefur staðið yfir margþætt vinna til að undirbúa flutning Menntavísindasviðs í Sögu. Fjölmargar vinnustofur voru haldnar í samvinnu við erlent ráðgjafafyrirtæki um verkefnamiðuð vinnurými, meðal annars til að kortleggja vel og ítarlega þarfir og væntingar starfsfólks og nemenda. Vinnan hefur m.a. leitt skýrt í ljós að skiptar skoðanir eru um marga þætti og að þarfir og væntingar starfsfólk eru mismunandi. En það er hinn bóginn alveg ljóst að sameiginlegt markmið okkar sem störfum á Menntavísindasviði er að byggja upp góðan vinnustað og skapa aðlaðandi og árangursríkt umhverfi sem styður við starfsfólk og nemendur. Ákvarðanir um hönnun starfseminnar byggjast fyrst og síðast á ítarlegri þarfagreiningu Menntavísindasviðs og á margvíslegum gögnum sem unnin hafa verið í samráði við einingar sviðsins og starfsfólk. Tillaga að hönnun rýma í Sögu verða kynnt í maí og mun starfsfólki og nemendum gefast kostur á að gera ábendingar við hönnunina. Þessi vinna er því öll í fullum gangi. Kæru félagar, mannauðurinn er grunnur að góðum vinnustað. Mikilvægt er að Háskólinn taki varfærin en vel ígrunduð skref

í þá átt að nýta húsnæði betur og skapa vinnurými sem heldur vel utan um ólíkar einingar og ólíkar væntingar og þarfir starfsfólks. Sýn okkar sem leiðum vinnuna á Menntavísindasviði er að líta á vinnuna fram undan sem ferli þar sem fyrstu árin verði tekin árlegt stöðumat og brugðist við því sem megi betur fara. Ég tel mjög misráðið að Háskólaþing samþykki tillögu sem gengur gegn stefnu stjórnvalda, gegn ákvörðunum háskólaráðs og dregur úr trausti á yfirstandandi vinnu innan skólans, s.s. á Menntavísindasviði og Heilbrigðisvísindasviði.“

Að þessu búnu hófst almenn umræða. Fram kom það sjónarmið að mikilvægt sé fyrir akademíska starfsmenn að hafa næði í lokuðu vinnurými í störfum sínum. Þetta á ekki síst við um fólk með sjúkdóma á borð við ADHD eða einhverfu. Þá var fullyrt að opin rými verði til þess að draga úr viðveru akademískra starfsmanna og búast megi við því að fleiri muni vinna heima til að fá næði. Þannig verði ástandið á háskólasvæðinu ekki ólkíkt því sem það var á tímum Covid-faraldursins. Þá var því haldið fram að verið væri að taka réttindi af fólki, sem það hefur unnið fyrir. Næði í lokuðu rými og föst vinnuaðstaða eru réttindi okkar, sagði akademískur starfsmaður. Sum okkar, hélt viðkomandi áfram, eru „nördar“ sem þurfa bókstaflega að vera í lokuðu rými. Jafnframt kom fram það sjónarmið að þessi þróun væri árás á kvennastéttir, í ljósi þess að konur eru í meirihluta starfsfólks á Menntavísindasviði.

Bent var á að þessi þróun frá lokuðum vinnurýmum í opin er ekki bundin við Menntavísindasvið, enda sé hún á fullu skriði m.a. á Heilbrigðisvísindasviði. Þessi vegferð er mikil áskorun fyrir fræðasviðið. Um þessar mundir er verið að hanna framtíðarhúsnæði Heilbrigðisvísindsviðs með opnum vinnurýmum, þar sem sveigjanleiki er meginþemað. Lögð er áhersla á að auðvelt verði að breyta húsnæðinu, enda eru þarfir fyrir vinnurými sífellt að breytast.

Þá var bent á að því hefur verið haldið fram að opin vinnurými hvetji fremur til samstarfs en hin lokuðu. Fram kom það sjónarmið að það væri alls ekki rétt, enda hafi samstarf verið mikið hingað til innan Menntavísindasviðs og lokuð vinnurými þar engin fyrirstaða. Þvert á móti var því haldið fram að opin vinnurými muni draga úr viðveru vegna áreitis og þannig draga úr samstarfi akademískra starfsmanna.

Fram kom það sjónarmið að því beri að fagna að þrátt fyrir verkefnamiðuð vinnurými verði alltént ekki um að ræða svokölluð „hot desk“ á Sögu. Það liggi sem sagt fyrir vinnustöðvar verða fastar og munu tilheyra tilteknum starfmanni. Öll hefðum við þörf fyrir vinnufrið og þannig yrði vinnurými á Sögu hannað með næðisrýmum.

Huga þarf að nýtingu húsnæðis á vegum háskólans almennt. Fyrir liggur að með opnum vinnurýmum eykst nýting húsnæðis í fermetrum talið. Þetta var reyndar dregið í efa og bent á að í sumum deildum tíðkist að lána skrifstofur tímabundið þegar akademískir starfsmenn eru fjarverandi, s.s. vegna rannsóknaleyfa. Gaumgæfa þurfi vel með hvaða hætti nýting húsnæðis er mæld. Loks kom fram það sjónarmið að ekki ætti að blanda inn í þessa umræðu vangaveltum um nýtingu húsnæðis, góða eða slæma.

Þá var bent á að ekki megi gleyma stúdentum í þessari umræðu. Þeir þurfa sitt vinnurými og næði ekki síður en akademískir starfsmenn. Því var jafnframt haldið fram að aðgengi stúdenta að kennurum muni verða minna í opnu vinnuumhverfi en lokuðu. Þá var fullyrt að þarfagreining hafi ekki verið næg og að undirbúningur hafi sömuleiðis verið of lítill. Fullyrt var í því samhengi að í opnu rými muni framleiðni minnka, streita vaxa og að veikindi starfsmanna muni aukast með tilheyrandi fjarveru.

Fram kom að það hljóti að vera hægt að komast að einhverri niðurstöðu um að sumir, sem nauðsynlega þurfa, t.d. af persónulegum ástæðum, muni eiga þess kost að vera einir í lokuðu rými. Það geti varla verið nauðsynlegt að eitt skuli gilda fyrir alla. Hér þurfi sem sagt sveigjanleika. Í þessu samhengi var bent á að um áratugaskeið hefur fólk í stjórnsýslustörfum unnið í opnu rými um allan skólann með ágætis árangri og að ekki megi vanmeta ótta fólks við breytingar, en þessi þróun er löngu hafin í Háskóla Íslands og um allt samfélagið.

Í lok umræðunnar tók rektor til máls og sagði að málið væri í vinnslu og vísaði í því sambandi til goðs innleggs forseta Menntavísindasviðs fyrr á fundinum. Fyrir liggja nú þegar ákvarðanir sem teknar voru árið 2020 í tengslum við kaup Háskóla Íslands eða ríkisins á Hótel Sögu sem fela m.a. í sér kröfur um hærra nýtingarhlutfall en unnt er að ná með lokuðum vinnurýmum eingöngu. Rektor ítrekaði að Háskóli Íslands er bundinn af tilteknum forsendum og nefndi í því samhengi erfiða fjárhagsstöðu skólans, þátt húsnæðiskostnaðar í þeirri stöðu, sjónarmið um rekstur fasteigna ríkisins og loks fasteignfélagið sem Saga er hluti af.

Að umræðu lokinni bar rektor tillögu um að atkvæðagreiðslan um fyrirliggjandi ályktun verði leynileg.

– Samþykkt.

Þá bar rektor ályktunina sem lá fyrir þinginu undir atkvæði með leynilegri atkvæðagreiðslu. Fundarritara, ásamt flutningamanni tillögunnar, var falið að annast kjörið og talningu atkvæða. Fulltrúar með atkvæðisrétt eru rektor, forsetar fræðasviða, deildarforsetar, fulltrúar kjörnir af fræðasviðum, fulltrúi Félags háskólakennara, fulltrúi Happdrættis Háskóla Íslands, fulltrúi Félags prófessora við ríkisháskóla, fulltrúar kjörnir af starfsmönnum við stjórnsýslu, fulltrúar tilnefndir af stofnunum og fulltrúar kjörnir af samtökum nemenda.

– Ályktunartillagan var samþykkt með 29 atkvæðum, 18 voru á móti og 6 atkvæðaseðlar voru auðir.

Til máls tóku undir þessum lið, auk Björns Þorsteinssonar, þau Amalía Björnsdóttir, Berglind Rós Magnúsdóttir, Björn Þorsteinsson, Gauti Kristmannsson, Íris Ellenberger, Jón Atli Benediktsson, Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Kristín Briem, Lárus S. Guðmundsson, Ólöf Garðarsdóttir, Rebekka Karlsdóttir, Steinunn Gestsdóttir, Unnur Þorsteinsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir.

Fleira var ekki gert og þakkaði rektor öllum sem höfðu framsögu á þinginu og þeim sem tóku þátt í umræðum fyrir þeirra framlag og sleit háskólaþingi kl. 16.00.

**Útsend gögn fyrir 31. háskólaþing 26. apríl 2023:**

1. Dagskrá 31. háskólaþings 26. apríl 2023.
2. Listi yfir fulltrúa á háskólaþingi.
3. Fundargerð 30. háskólaþings 18. nóvember 2022.
4. Drög að endurskoðaðri málstefnu Háskóla Íslands.
5. Tillaga til ályktunar um fyrirkomulag vinnurýma við Háskóla Íslands.